

Nd.

774. Álit

um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Í álitni háttv. nefndar, sem kosin var í efri deild, til þess að athuga frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1912 og 1913, og frumvarp til samþykktar á landsreikningnum fyrir sama tímabil, er því haldið fram, að þess beri að krefjast, að Stjórnarráðið leiti jafnan aukafjárveitingar fyrir hverri þeirri upphæð, sem fara kynni fram úr fjárveitingu á hinum einstöku liðum, sem veitt er til vega. Á þessa skoðun getur nefndin ekki fallist vegna þess, að hún tel-

ur ekkert á móti því, þó meira fje sje notað fyrra árið, ef útborgunin í heild fer ekki fram úr fjárveitingu yfir fjárhagstimabilið. Jafnframt skal það tekið fram, að nefndin sjer því ekkert til fyrirstöðu, að þegar fje sparast á einum lið, þá megi verja því til annara vegagerða, ef það reynist nauðsynlegt til þess að þeirri vegagerð sje þar með þannig lokið, að hún geti þegar í stað komið að notum.

Þá hefir háttv. efri deild tekið upp í fjárukalögin 303 kr. 11 aura, til kennaraskólans, í stað 248 kr. 63 aur. Oss virðist ekki ástæða til að krefjast aukafjárveitingar fyrir þessari litlu upphæð, eftir að vjer höfðum athugað svar Stjórnarráðsins þessu viðvikjandi, en viljum hinsvegar ekki gera það að kappsmáli, úr því háttv. efri deild hefir þótt þetta svo miklu máli skifta.

Sem styrkur til sundkenslu í Reykjavík, var árið 1912 útborgað kr. 900,00, en fjárveitingin það ár að eins kr. 300,00. Umframgreiðsla þessi stafar af því, að styrkurinn, sem veittur var árin 1910 og 1911 hafði ekki verið útborgaður, vegna þess, að hans hafði ekki verið vitjað, og engin skýrsla um sundkensluna lá fyrir. Þegar Stjórnarráðið hafði 1912 fengið fullnægjandi skýrslur um kensluna fyrir öll árin, og þar kom fram, að hið áskilda fje hafði verið lagt fram á móti úr bæjarsjóði Reykjavíkur, áleit Stjórnarráðið rjett að útborga styrkinn fyrir öll árin. Þessari ráðstöfun erum vjer fullkomlega samþykkir og teljum því óþarft að leita aukafjárveitingar fyrir þeim kr. 600,00, sem hátv. efri deild hefir nú tekið upp á fjárukalögin fyrir árin 1912 og 1913.

Um námsstyrkinn til iðnaðarmanna erlendis, að upphæð kr. 225,00, gildir alt hið sama og sundkenslustyrkinn sem um ræðir hjer að framan, og getum vjer því ekki fallist á, að þörf sje að leita aukafjárveitingar fyrir þessari upphæð.

Af framantöldum ástæðum, verðum vjer að koma fram með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR :

I. Við 6. gr. VII. b.

Sundkensla í Reykjavík kr. 600,00, falli burt. Samtala greinarinnar breytist samkvæmt því.

II. Við 8. gr. 27. lið:

Námsstyrkur iðnaðarmanna erlendis kr. 225,00, falli burt. Samtala greinarinnar breytist samkvæmt því.

Neðri deild Alþingis, 4. sept. 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf.,
formaður.

Hjörtur Snorrason,
skrifari.

M. J. Kristjánsson,
framsögum.